

Afkoma Kaupþings banka hf. árið 2006
Hagnaður eftir skatta 85,3 milljarðar króna

- ◆ Hagnaður hluthafa eftir skatta nam 85,3 mö. kr. (49,3 ma. kr. á árinu 2005). Hagnaður fyrir skatta nam 101,1 ma. kr.
- ◆ Hagnaður hluthafa eftir skatta á fjórða ársfjórðungi nam 18,1 ma. kr. (14,8 mö. kr. á sama tímabili 2005).
- ◆ Arðsemi eigin fjár á árinu var 42,4%.
- ◆ Hagnaður á hlut á árinu var 127,1 kr. (75,2 kr. á árinu 2005) Hagnaður á hlut á fjórða ársfjórðungi var 26,1 kr. (22,4 kr. á sama tímabili 2005).
- ◆ Gengishagnaður nam 60,2 mö. kr. á árinu – jókst um 61,4% miðað við árið 2005.
- ◆ Hreinar vaxta- og þóknatekjur námu 26.671,6 mö. kr. á fjórða ársfjórðungi – jukust um 69,5% miðað við sama tímabil 2005.
- ◆ Rekstrartekjur námu 40,9 mö. kr. á fjórða ársfjórðungi 2006 – jukust um 25% miðað við sama tímabil 2005.
- ◆ Heildareignir námu 4.055 mö. kr. í lok ársins og jukust um 37,1% á föstu gengi á árinu en um 59,6% í íslenskum krónum.
- ◆ Bankinn greiddi 7,7% af heildarhlutafé Exista hf. í arð til hluthafa sinna í október og nam arðgreiðslan um 27,5 kr. á hlut.
- ◆ 75.900.000 nýir hlutir voru seldir í hlutafjárútboði í nóvember á genginu 750 kr. (SEK 75). Alls nam fjölgun hluta 11,4% og var afrakstur útboðsins 55,6 ma kr.
- ◆ Stjórn bankans mun leggja til við aðalfund að hluthöfum verði greiddar 10.366 milljónir króna í arð vegna ársins 2006 eða 14 krónur á hlut, sem svarar til 12,2% af hagnaði.

Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri

„Rekstur Kaupþings gekk sérlega vel á árinu og er þetta enn eitt met árið hjá bankanum. Flestar starfsstöðvar bankans skiluðu metafkomu og ánægjulegt er að sjá hve traustum tekjugrunni bankinn stendur á. Jákvætt er að sjá vöxt þóknatekna og vaxtatekna á árinu og ljóst að bankinn nýtur góðs af frekari samþættingu starfsstöðva bankans. Við búumst við áframhaldandi vexti á árinu 2007 og ég er sannfærður um að sá vöxtur muni skapa enn fleiri tækifæri fyrir viðskiptavinum okkar, en sem fyrr er lyklatríðið að þjóna þörfum þeirra.“

Lykiltölur

Milljarðar ISK	2006	2005	Breyting	4. ársfj. 2006	4. ársfj. 2005	Breyting
Rekstrartekjur	167,2	102,2	64%	40,9	32,7	25%
Rekstrarkostnaður	60,0	35,5	69%	18,8	11,4	65%
Hagnaður hluthafa	85,3	49,3	73%	18,1	14,8	22%
Kostnaðarhlutfall	35,9%	34,8%		46,1%	34,9%	
Hagnaður á hlut, ISK	127,1	75,2	69%	26,1	22,4	16%
Arðsemi eigin fjár	42,4%	34,0%		28,9%	38,7%	

Rekstrarreikningur

Milljónir króna	4. ársfj. 2006	3. ársfj. 2006	2. ársfj. 2006	1. ársfj. 2006	4. ársfj. 2005	3. ársfj. 2005
Hreinar vaxtatekjur	14.806	12.687	14.384	10.484	9.529	9.487
Hreinar þóknatekjur	11.866	7.632	9.184	8.602	6.203	6.862
Gengishagnaður	12.003	37.256	-2.607	13.505	13.960	4.772
Aðrar tekjur	2.241	2.210	10.102	2.860	2.855	1.997
Rekstrartekjur	40.915	59.785	31.064	35.451	32.547	23.118
Laun og launatengd gjöld	-10.572	-7.315	-8.263	-7.420	-6.840	-5.178
Annar rekstrarkostnaður	-8.274	-6.488	-6.542	-5.133	-4.437	-4.543
Heildargjöld	-18.846	-13.803	-14.805	-12.553	-11.277	-9.721
Virðisrýrnun	-1.637	-2.820	-961	-710	-1.789	-928
Hagnaður fyrir tekjuskatt	20.433	43.163	15.299	22.188	19.481	12.470
Tekjuskattur	-1.793	-7.630	-2.618	-2.595	-4.018	-2.429
Hagnaður	18.640	35.533	12.680	19.593	15.463	10.041
Hagnaður hluthafa	18.077	35.393	13.035	18.798	14.786	9.708
Hlutdeild minnihluta	564	140	-354	796	678	333
Hagnaður á hlut	26,1	53,4	19,6	28,3	22,4	14,8

Efnahagsreikningur

Milljarðar króna	31.12.06	31.12.05		31.12.06	31.12.05
Sjóður og innst. í Seðlabanka	107	35	Skuldir við lánastofnanir	110	70
Kröfur á lánastofnanir	485	196	Innlán	751	486
Útlán til viðskiptamanna	2.539	1.544	Lántaka	2.400	1.557
Skuldabréf og aðrar vaxtab. eignir	318	391	Víkjandi lán	216	103
Hlutabréf og eignir m/breytil. tekjum	159	114	Fjármögnun veðlána	11	15
Afleiður	65	21	Vátryggingaskuld	8	6
Afleiðusamn. v/áhættuvarna	6	4	Veltufjárskuld	51	32
Verðbréf á móti samningum	116	82	Afleiður vegna áhættuvarna	9	13
Fjáreignir til sölu	0	0	Aðrar skuldbindingar	5	3
Fjárf. í hlutdeildarfélagum	5	14	Skattskuld	23	18
Óefnislegar eignir	68	55	Skuldir vegna fastafjármuna til sölu	1	1
Fjárfestingarfasteignir	32	24	Aðrar skuldir	135	34
Rekstrarfjármunir	30	22	Hlutdeild minnihluta	11	8
Skatteign	6	5	Eigið fé hluthafa	324	194
Fastafjármunir til sölu	2	2			
Aðrar eignir	115	31			
Eignir samtals	4.055	2.541	Skuldir og eigið fé samtals	4.055	2.541

Afkomusvið - yfirlit

Árið 2006

Milljónir króna	Markaðs- viðskipti	Fyrirtækja- ráðgjöf	Fjárstýring	Bankasvið	Eignastýring og Einka- bankaþj.	Jöfnunar- færslur og önnur svið	Samtals
Hreinar vaxtatekjur	-1.513	-3.349	11.492	45.903	817	-988	52.362
Hreinar þóknatekjur	7.396	9.577	2.927	5.744	11.230	409	37.284
Gengishagnaður	7.913	42.984	8.411	750	531	-432	60.157
Aðrar tekjur	0	43	25	6.631	962	9.751	17.413
Rekstrartekjur	13.795	49.256	22.856	59.028	13.541	8.740	167.216
Gjöld	6.205	3.636	3.078	14.969	7.380	24.738	60.006
Virðisrýrnun	123	-1	5	4.851	1.138	11	6.127
Heildargjöld	6.328	3.635	3.083	19.820	8.518	24.749	66.133
Framlegð	7.467	45.621	19.773	39.208	5.022	-16.009	101.083
Útdeildur kostnaður	3.206	888	2.015	8.744	3.427	-18.279	0
Hagnaður fyrir tekjuskatt	4.262	44.733	17.758	30.465	1.595	2.271	101.083

Námundun fjárhæða getur leitt til þess að fjárhæðir í töflum í þessari afkomutilkynningu stemmi ekki.

Rekstrarreikningur

Áhrif veikingar íslensku krónunnar á ársreikning bankans

Starfsrækslugjaldmiðill Kaupþings banka hf. (Kaupþings) er íslensk króna. Á árinu 2006 veiktist íslenska krónan um 23,1%. Mikil veiking varð á krónunni á fyrri hluta ársins, eða 28,0% en á seinni hluta ársins gekk veikingin að nokkru til baka. Veiking krónunnar skýrir að nokkru leyti vöxt tekna og gjalda, sem og eigna og skulda á árinu.

Hagnaður

Hagnaður Kaupþings á árinu 2006 fyrir tekjuskatt nam 101.083 m.kr. samanborið við 62.284 m.kr. hagnað árið 2005. Hagnaður hluthafa á árinu nam 85.302 m.kr. samanborið við 49.260 m.kr. hagnað árið 2005, sem er 73,2% aukning. Hagnaður á hlut á árinu var 127,1 kr. samanborið við 75,2 kr. árið 2005.

Hagnaður Kaupþings fyrir tekjuskatt á fjórða ársfjórðungi 2006 nam 20.433 m.kr. samanborið við 19.481 m.kr. hagnað á sama tímabili árið 2005. Hagnaður hluthafa á fjórða ársfjórðungi nam 18.077 m.kr. samanborið við 14.786 m.kr. hagnað á sama tímabili 2005 sem er 22,3% hækkun. Hagnaður á hlut á fjórða ársfjórðungi var 26,1 kr. samanborið við 22,4 kr. á fjórða ársfjórðungi 2005.

Tekjur

Rekstrartekjur á árinu námu samtals 167.216 m.kr. og jukust um 63,6% miðað við árið 2005. Aukning rekstrartekna að frádregnum gengishagnaði vegna eignarhlutar bankans í Exista (26.084 m.kr.) og hagnaði af sölu bankans á öllum eignarhlut sínum í VÍS eignarhaldsfélagi hf. (7.421 m.kr.) nam 31,8%.

Hreinar vaxtatekjur á árinu námu samtals 52.362 m.kr. og jukust um 60,1% miðað við árið 2005. Þessi aukning skýrist meðal annars af tilkomu Kaupthing Singer & Friedlander (áður Singer & Friedlander) inn í reikninga bankans frá og með þriðja ársfjórðungi 2005. Jafnframt hafa aukin verðbólga á Íslandi og veiking krónunnar á tímabilinu talsverð áhrif. Hreinar vaxtatekjur á fjórða ársfjórðungi námu samtals 14.806 m.kr. og jukust um 55,4% frá fjórða ársfjórðungi 2005.

Vaxtamunur, eða vaxtatekjur að frádregnum vaxtagjöldum sem hlutfall af meðalstöðu vaxtaberandi eigna, var 1,77% á árinu 2006, samanborið við 1,86% árið 2005. Nokkrar ástæður eru fyrir því að vaxtamunurinn hefur farið minnkandi. Meðal annars ákvörðun bankans um að auka lausafé sitt (þar sem umfram lausafjármagn bankans er fjárfest í eignum sem bera lægri vexti), auk þess sem lánskjör á alþjóðlegum fjármálamörkuðum reyndust ekki eins hagstæð og árið 2005. Eftirfarandi tafla sýnir hreinar vaxtatekjur skipt niður eftir löndum:

Milljónir króna	Hreinar vaxtatekjur
Ísland	16.592
Skandinavía	17.311
Bretland	12.098
Luxembourg	4.884
Önnur lönd	1.477
Samtals	52.362

Athygli er vakin á því að við útreikning vaxtamunar er nú tekið mið af eiginfjárbindingu eftir löndum. Það gerir það að verkum að tölur birtar í milliuppgjörum bankans um vaxtamun niður á lönd eru ekki sambærilegar fyrir árið í heild.

Vaxtaálag (reiknaðir meðaltalsvextir vaxtaberandi eigna að frádregnum meðaltalsvöxtum vaxtaberandi skulda) var 1,80% á árinu 2006, borið saman við 1,92% árið 2005. Þessi lækkun er m.a. til komin af auknum vaxtakostnaði vegna hærra álags á útgefnum skuldabréfum og lánnum, sem var að hluta til vegið upp með hærri vaxtatekjum vegna vísitölutengdra húsnæðislána (vegna hærri verðbólgu árið 2006 miðað við árið 2005) og vegna veikingar krónunnar.

Hreinar þóknatekjur á árinu námu samtals 37.284 m.kr. og jukust um 66,2% miðað við árið 2005. Þetta skýrist meðal annars af aukningu í hreinum þóknatekjum á Íslandi eða 4.418 m.kr. og 2.346 m.kr. vegna tilkomu Kaupthing Singer & Friedlander inn í reikninga bankans frá og með þriðja ársfjórðungi 2005. Hreinar þóknatekjur á fjórða ársfjórðungi námu samtals 11.866 m.kr. og jukust um 91,3% miðað við fjórða ársfjórðung 2005. Ástæða aukningarinnar er almenn aukning þóknatekna hjá öllum fimm tekjusiðum bankans.

Gengishagnaður á árinu, sem inniheldur tekjur vegna arðgreiðslna, hagnað vegna eigna eða skulda sem metnar eru á gangvirði sem og þeirra sem ekki eru metnar á gangvirði og hagnað vegna gjaldeyrismunar, nam 60.157 m.kr. og jókst um 22.875 m.kr. miðað við árið 2005. Megin skýring aukningarinnar er gengishagnaður vegna sölu á eignarhlut bankans í Exista í tengslum við skráningu félagsins í Kauphöll Íslands. Arðgreiðslur til bankans má einkum rekja til hlutfjáreignar bankans í íslenskum og skandinavískum fyrirtækjum. Gengishagnaður á fjórða ársfjórðungi nam 12.003 m.kr. samanborið við 13.960 m.kr. gengishagnað á sama ársfjórðungi 2005. Gengishagnaður fjáreigna á árinu greinist á eftirfarandi landsvæði:

Milljónir króna	Ísland	Skandinavía	Bretland	Lúxemborg	Annað	Samtals
Tekjur af skuldabréfum á gangvirði	-3.427	-1.437	-1.382	-20	0	-6.266
Tekjur af hlutabréfum á gangvirði	29.871	15.559	5.861	1.222	147	52.659
Tekjur af afleiðusamningum	6.275	49	1.422	586	0	8.331
Tekjur af áhættuvarnasamningum	0	356	3	0	0	358
Samtals	32.719	14.525	5.904	1.788	147	55.082
Arðstekjur	2.276	2.655	72	54	18	5.074
Gengishagnaður samtals	34.995	17.181	5.975	1.842	164	60.157

Aðrar tekjur námu 17.413 m.kr. á árinu, en þær námu 9.779 m.kr. árið 2005. Á meðal annarra tekna er færður 7.421 m.kr. hagnaður af sölu bankans á öllum eignarhlut sínum í VÍS eignarhaldsfélagi hf. (VÍS) á öðrum ársfjórðungi. Til annarra tekna teljast jafnframt hagnaður hlutdeildarféлага að fjárhæð 1.194 m.kr. og tekjur af rekstrarleigusamningum hjá Kaupthing Singer & Friedlander að fjárhæð 4.128 m.kr. á árinu 2006.

Gjöld

Rekstrarkostnaður á árinu nam 60.006 m.kr. og hækkaði um 68,9% miðað við árið 2005. Hækkunin milli ára skýrist að nokkru leyti af því að Kaupthing Singer & Friedlander kom inn í reikningsskil samstæðunnar í byrjun þriðja ársfjórðungs 2005 og hefur það því áhrif á samanburð milli ára. Auk þess hefur umtalsverð fjölgun orðið á starfsmönnum bankans og almenn aukning orðið í umsvifum hans. Jafnframt hefur 23,1% veiking krónunnar áhrif til hækkunar.

Hlutfall rekstrarkostnaðar af tekjum á árinu 2006 var 35,9% en 34,8% á árinu 2005. Rekstrarkostnaður á fjórða ársfjórðungi 2006 nam 18.846 m.kr. og jókst um 65,4% miðað við fjórða ársfjórðung 2005. Hlutfall rekstrarkostnaðar af tekjum á fjórða ársfjórðungi var 46,1% samanborið við 34,9% á fjórða ársfjórðungi 2005.

Launakostnaður bankans á árinu nam 33.570 m.kr. og jókst um 65,2% frá árinu 2005. Þessi hækkun skýrist að nokkru leyti af tilkomu Kaupthing Singer & Friedlander inn í samstæðuna í byrjun þriðja ársfjórðungs 2005, en þar störfuðu þá 519 manns. Hækkun launakostnaðar skýrist einnig af almennri fjölgun starfsmanna og af árangurstengdum greiðslum í tengslum við góðan rekstrarárangur á árinu. Þá bókfærði bankinn á öðrum ársfjórðungi einkiptiskostnað að fjárhæð 590 m.kr. í tengslum við uppsetningu Markaðsviðskipta í dótturfélögum bankans í Bretlandi og í Danmörku og eflingu Fyrirtækjaráðgjafar í dótturfélagi bankans í Danmörku. Launakostnaður á fjórða ársfjórðungi 2006 nam 10.572 m.kr og jókst um 54,6% miðað við fjórða ársfjórðung 2005. Í lok ársins voru alls 2.719 stöðuígildi hjá samstæðunni miðað við 2.368 í byrjun ársins. Starfsmönnun bankans fjölgaði því um 351 á árinu eða sem nemur 15%.

Annar rekstrarkostnaður nam 26.437 m.kr á árinu og jókst um 11.230 m.kr. miðað við árið 2005 eða 73,8%. Auk kostnaðar vegna tilkomu Kaupthing Singer & Friedlander inn í samstæðu bankans á þriðja ársfjórðungi 2005 og kostnaðar við samþættingu félagsins við samstæðuna, þá skýrist aukningin af almennum auknum umsvifum hjá flestum starfsstöðvum bankans. Annar rekstrarkostnaður á fjórða ársfjórðungi nam 8.274 m.kr. og jókst um 81,8% miðað við fjórða ársfjórðung 2005.

Virðisrýrnun útlána nam 4.857 m.kr. á árinu samanborið við 2.450 m.kr. árið 2005. Helsta skýringin á aukningunni er aukið útlánatap hjá Kaupthing Singer & Friedlander. Ef litið er framhjá virðisrýrnun þeirra, þá hefur virðisrýrnun útlána hjá bankanum verið stöðug og endurspeglar það aukin gæði útlánasafns bankans. Útlánasafn bankans jókst um 64,4% á árinu.

Virðisrýrnun óefnislegra eigna nam 1.270 m.kr. á árinu, en hún er vegna eignastýringarstarfsemi Kaupþing Singer & Friedlander í Bretlandi.

Gjaldfærður tekjuskattur á árinu 2006 var 14.636 m.kr. en var 11.228 m.kr. á sama tímabili árið 2005.

Efnahagsreikningur

Eignir

Heildareignir bankans 31. desember námu 4.055 mö.kr. og jukust um 1.515 ma.kr. á árinu eða um 59,6%. Raunaukning heildareigna bankans, að frádregnum áhrifum af 23,1% gengislækkun krónunnar á árinu 2006, var 37,1% .

Útlán til viðskiptamanna jukust úr 1.544 mö.kr. í 2.539 ma.kr. eða um 64,4% á árinu (39,1% á föstu gjaldmiðlagengi) en kröfur á lánastofnanir fóru úr 195,6 mö.kr. í 485,3 ma.kr. sem er 148,1% aukning (111,8% á föstu gjaldmiðlagengi). Aukning krafna á lánastofnanir kemur til vegna ákvörðunar bankans um að auka lausafjárstöðu bankans.

Fjáreignir alls námu 665,1 ma.kr. þann 31. desember og jókst um 52,6 ma.kr. á árinu eða um 8,6%. Að teknu tilliti til gengislækkunar krónunnar er þó um lækkun að ræða sem nemur 4,2%. Veltufjáreignir námu 297,9 mö.kr. þann 31. desember og minnkuðu um 11,6% á árinu. Fjáreignir á gangvirði námu 360,6 mö.kr. og jukust um 33,2% á árinu. Afleiðusamningar vegna áhættuvarna námu í lok árs samtals 6,5 mö.kr. en námu 4,5 mö.kr. í byrjun ársins. Stöður í hlutabréfum og öðrum verðbréfum með breytanlegum tekjum námu 159,0 mö.kr. þann 31. desember. Auk þess á bankinn hlutabréf að virði 49,2 ma.kr. sem gerðir hafa verið afleiðusamningar á móti. Bankinn ber ekki markaðsáhættu af 3,5 mö.kr. vegna hlutdeildar minnihluta eigenda í Norvestia, dótturfélagi bankans í Finnlandi. Skráð hlutabréf voru 113,8 ma.kr. eða um 2,8% af heildareignum bankans 31. desember 2006. Þar af eru 40,1 ma.kr. vegna hlutabréfa sem skráð eru í Kauphöll Íslands, eða 35,3%.

Óskráð hlutabréf námu 45,2 mö.kr. eða um 1,1% af heildareignum bankans þann 31. desember samanborið við 1,6% í byrjun ársins. Tvær stærstu stöður bankans í óskráðum hlutabréfum námu um 32% af verðmæti óskráðra hlutabréfa. Eftirfarandi tafla sýnir stærstu stöður bankans í óskráðum hlutabréfum í lok ársins:

Félag	Land	Atvinnugrein	Eignarhluti
Síminn	Ísland	Fjarskipti	28%
Somerfield	Bretland	Verslun	9%
Ferskur Holding 1 B.V	Holland	Verslun	21%
LD Equity	Danmörk	Fjárfestingafélag	23%

Kaupþing undirbýr nú stofnun sérstaks sjóðs, *Kaupþing Capital Partners II*, sem halda mun utan um fjárfestingar bankans í óskráðum hlutabréfum. Frá og með byrjun árs 2007 munu allar slíkar fjárfestingar bankans fara í þennan sjóð. Stefnt er að því að bjóða fagfjárfestum að fjárfesta í sjóðnum á árinu 2007. Þær eignir bankans í óskráðum hlutabréfum sem bankinn átti um síðastliðin áramót, verða ekki færðar inni sjóðinn *Kaupþing Capital Partners II*.

Stjórn Kaupþings samþykkti á þriðja ársfjórðungi að eign bankans í skráðum og óskráðum hlutabréfum (Hlutabréf og eignir með breytilegum tekjum) skyldi vera innan við 35% af eiginfjárgrunni bankans. Þann 31. desember nam hlutfallið 34,5%. Þar af var hlutfall skráðra hlutabréfa 24,7% og óskráðra hlutabréfa 9,8% af eiginfjárgrunni.

Undanfarin 10 ár hefur hluti af starfsemi bankans falist í því að fjárfesta í óskráðum fyrirtækjum með það að markmiði að selja eignarhlutinn innan ákveðins tíma frá kaupum, til dæmis samhliða skráningu á markað. Í tengslum við þessar fjárfestingar hefur Kaupþing getað stutt við fyrirtæki með ráðgjöf og unnið að fjárhagslegri endurskipulagningu, sameiningum og yfirtökum til að auðvelda þeim skráningu á markað. Dæmi um slíkt samstarf á undanförunum árum eru fyrirtækin Össur (stoðtækjaframleiðandi), Bakkavör Group (matvælaframleiðandi) og Mosaic Fashions (tískuvöruverslanir). Með þessu móti tekur Kaupþing þátt í uppbyggingu fyrirtækja sem Fyrirtækjaráðgjöf Kaupþings vinnur fyrir og sýnir í verki að hagsmunir bankans og viðskiptavina fara saman.

Aðrar eignir námu 117,9 mö.kr. þann 31. desember 2006 og jukust um 250,0% frá áramótum. Skýrist hækkunin einkum af stöðu úppgerðra viðskipta.

Skuldir og eigið fé

Skuldir við lánastofnanir námu 110,5 mö.kr. þann 31. desember 2006 og jukust um 40,8 ma.kr. á árinu, eða 58,6%.

Innlán námu 750,7 mö.kr. 31. desember og jukust um 264,5 ma.kr. á árinu eða sem nemur 54,4%. Aukning innlána, að frádregnum áhrifum af 23,1% gengislækkun krónunnar á árinu, nam 30,2%. Innlán námu samtals 18,5% af eignum bankans þann 31. desember 2006, samanborið við 19,1% í ársbyrjun. Innlán sem hlutfall af útlánunum nam 29,6% í lok árs 2006 samanborið við 28,0% í árslok 2005.

Lántökur námu 2.399,9 mö.kr. 31. desember, samanborið við 1.556,6 í árslok 2005 og jukust um 843,4 ma.kr frá ársbyrjun eða sem nemur 54,2%. Aukning lántöku, að frádregnum áhrifum af 23,1% gengislækkun krónunnar á árinu, nam 48,5%. Stærsta hluta aukningarinnar má rekja til skuldabréfaútgáfu í Bandaríkjunum.

Eigið fé hluthafa var 323,5 ma.kr. þann 31. desember 2006 samanborið við 194,2 ma.kr. í byrjun ársins. Hækkunin frá áramótum nemur því 129,3 mö.kr. eða 66,6%. Þá er búið að draga frá sérstaka arðgreiðslu til hluthafa bankans í formi hluta í Exista hf. í eigu bankans (7,7% heildarhlutfjár Exista) sem fram fór í lok október að gangvirði 18,3 ma.kr.

Stjórn bankans tók þá ákvörðun haustið 2005 að verja ekki að fullu fjárfestingar í erlendum dótturfélögum gagnvart gengi krónunnar og þar með að vera með misvægi í gengisjöfnuði. Misvægið leiddi til þess að 23,1% gengislækkun krónunnar á árinu færir til hækkunar á sérstakan eiginfjárreikning meðal eiginfjár í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS).

Eiginfjárgrunnur bankans nam 460,8 mö.kr. þann 31. desember 2006. Eiginfjárhlutfall samkvæmt CAD reglum var 15,0% þann 31. desember samanborið við 12,2% í ársbyrjun. Eiginfjárþáttur A (Tier one) var 10,5% en var 9,4% í ársbyrjun. Markmið stjórnenda bankans er að eiginfjárþáttur A sé yfir 8,0% og eiginfjárhlutfall samkvæmt CAD reglum sé yfir 11,0%.

Þann 31. desember var hlutfé bankans 7.404.530.530 krónur að nafnvirði sem skiptist í 740.453.053 hluti. Hluthafar bankans þann 31. desember voru samtals 31.730. Einn hluthafi átti meira en 10% hlutfjár, en það var Exista sem átti 23,0%. Eignarhlutur Kaupþings í Exista var 3,2% þann 31. desember 2006.

Arðgreiðslur

Arðgreiðslustefna Kaupþings banka er að greiða árlega út 10–30% af hagnaði eftir skatta í arð. Fjárhæð arðs fer eftir gildandi takmörkunum um arðgreiðslur samkvæmt íslenskum lögum og eftir öðrum aðstæðum hverju sinni að mati stjórnar. Stjórn Kaupþings banka mun leggja til við aðalfund 10.366 ma. kr. arðgreiðslu til hluthafa vegna ársins 2006 eða 14 krónur á hlut, sem svarar til 12,2% af hagnaði ársins 2006.

Niðurstaða afkomusviða Kaupþings

Kaupþing skiptir rekstri sínum í fimm afkomusvið auk stoðsviða. Afkomusviðin eru: Bankasvið, Markaðsviðskipti, Fjárstýring, Fyrirtækjaráðgjöf og Eignastýring og einkabankaþjónusta.

Á fjórða ársfjórðungi var hagnaður fyrir tekjuskatt hjá öllum afkomusviðum bankans. Mesti hagnaðurinn fyrir tekjuskatt á ársfjórðungnum var hjá Bankasviði en hann nam 6.979 m.kr. Fjárstýring var með 5.670 m.kr. hagnað, Fyrirtækjaráðgjöf með 6.048 m.kr. hagnað, Markaðsviðskipti með 2.504 m.kr. hagnað og Eignastýring og einkabankaþjónusta með 1.330 m.kr. hagnað. Taflan hér að neðan sýnir niðurstöðu afkomusviða á fjórða ársfjórðungi.

Milljónir króna - 4. fjórð. 2006	Markaðs- viðskipti	Fyrirtækja- ráðgjöf	Fjárstýring	Bankasvið	Eignastýring og Einka- bankaþj.	Jöfnunar- færslur og önnur svið	Samtals
Hreinar vaxtatekjur	-610	-914	3.652	12.471	254	-48	14.806
Hreinar þóknatekjur	2.244	3.792	825	1.662	3.221	122	11.866
Gengishagnaður	4.407	4.592	2.828	320	110	-254	12.003
Aðrar tekjur	0	7	23	1.712	605	-105	2.241
Rekstrartekjur	6.041	7.477	7.328	16.165	4.190	-285	40.915
Rekstrargjöld	-2.513	-1.310	-983	-4.602	-2.037	-7.401	-18.846
Virðisrýrnun	0	4	0	-1.621	0	-19	-1.637
Heildargjöld	-2.513	-1.306	-983	-6.223	-2.037	-7.420	-20.482
Framlegð	3.528	6.171	6.345	9.942	2.153	-7.705	20.433
Útdeildur kostnaður	-1.024	-123	-675	-2.963	-823	5.608	0
Hagnaður (tap) f. tekjuskatt	2.504	6.048	5.670	6.979	1.330	-2.098	20.433

Bankasvið

Bankasvið veitir einstaklingum almenna bankaþjónustu á Íslandi og meðalstórum og stærri fyrirtækjum þjónustu sem jafnan felst í ráðgjöf og aðstoð við fjármögnun, einkum í Danmörku, Bretlandi, Svíþjóð og á Íslandi.

Hagnaður Bankasviðs fyrir tekjuskatt nam 6.979 m.kr. á fjórða ársfjórðungi 2006. Rekstrartekjur Bankasviðs námu 16.165 m.kr. og jukust um 5,6% miðað við þriðja ársfjórðung 2006. Heildargjöld námu 6.223 m.kr. og jukust um 17,1% miðað við þriðja ársfjórðung 2006. Síðustu tvo ársfjórðunga hefur virðisrýrnun útlana verið óvenju há á Bankasviði, en stærstan hluta hennar má rekja til lána hjá Kaupþing Singer & Friedlander í Bretlandi. Aukning rekstrargjalda á milli ársfjórðunga skýrist einkum af auknum launagreiðslum vegna góðrar afkomu Bankasviðs á árinu.

Milljónir króna	4. ársfj. 2006	3. ársfj. 2006	2. ársfj. 2006	1. ársfj. 2006	4. ársfj. 2005	3. ársfj. 2005
Hreinar vaxtatekjur	12.471	11.959	11.264	10.208	9.720	8.897
Hreinar þóknatekjur	1.662	1.560	1.389	1.133	706	874
Gengishagnaður	320	63	164	203	138	94
Aðrar tekjur	1.712	1.722	1.977	1.220	1.651	1.304
Rekstrartekjur	16.165	15.305	14.794	12.764	12.215	11.169
Rekstrargjöld	-4.602	-3.630	-3.433	-3.304	-3.757	-3.354
Virðisrýrnun	-1.621	-1.684	-841	-705	-224	-546
Heildargjöld	-6.223	-5.313	-4.274	-4.009	-3.981	-3.900
Framlegð	9.942	9.992	10.520	8.755	8.234	7.269
Útdeildur kostnaður	-2.963	-1.567	-2.181	-2.033	-1.740	-1.375
Hagnaður fyrir tekjuskatt	6.979	8.425	8.339	6.722	6.494	5.894

Markaðsviðskipti

Markaðsviðskipti og Eigin viðskipti bankans eru gerð upp sameiginlega undir heitinu Markaðsviðskipti. Markaðsviðskipti miðla verðbréfum fyrir viðskiptavinum bankans. Eigin viðskipti stunda viðskipti fyrir eigin reikning bankans á öllum helstu mörkuðum, auk þess að sinna viðskiptavakt með hlutabréf og skuldabréf. Sú skipulagsbreyting átti sér stað innan bankans þann 1. janúar 2007 að Eigin viðskipti færðust undir Fjárstýringu. Frá og með þeim degi munu Eigin viðskipti því verða hluti af uppgjöri Fjárstýringar. Á sama tíma voru gjaldeyris- og afleiðuviðskipti færð frá Fjárstýringu yfir í Markaðsviðskipti og verða þau því hluti af uppgjöri Markaðsviðskipta frá sama tíma. Tilgangurinn með þessum breytingum er að skerpa enn frekar skilin á milli miðlunar verðbréfa fyrir viðskiptavinum og Eigin viðskipta bankans.

Hagnaður Markaðsviðskipta fyrir tekjuskatt nam 2.504 m.kr. á fjórða ársfjórðungi 2006. Rekstrartekjur námu 6.041 m.kr. samanborið við 3.427 m.kr. á þriðja ársfjórðungi 2006. Þessa aukningu má rekja til góðs vaxtar í þóknatekjum, einkum vegna aukinna umsvifa bankans í Bretlandi og Svíþjóð og nær tvöföldun gengishagnaðar á milli ársfjórðunga. Gengishagnaður kemur einkum af stöðum bankans í norrænum hlutabréfum en markaðsaðstæður voru bankanum hagstæðar á ársfjórðungnum. Heildargjöld námu 2.513 m.kr. og hækkuðu um 82,4% miðað við þriðja ársfjórðung 2006. Þessi mikla aukning rekstrargjalda á milli ársfjórðunga skýrist einkum af auknum launagreiðslum vegna góðrar afkomu sviðsins á ársfjórðungnum. Aukning rekstrargjalda á milli ára stafar jafnframt af mikilli fjölgun starfsmanna á sviðinu en fjöldi starfsmanna nær tvöfaldaðist á árinu.

	4. ársfj.	3. ársfj.	2. ársfj.	1. ársfj.	4. ársfj.	3. ársfj.
<i>Milljónir króna</i>	2006	2006	2006	2006	2005	2005
Hreinar vaxtatekjur	-610	-528	16	-392	-434	-37
Hreinar þóknatekjur	2.244	1.686	1.594	1.873	1.512	984
Gengishagnaður	4.407	2.269	-6.515	7.752	4.949	2.519
Aðrar tekjur	0	0	0	0	35	0
Rekstrartekjur	6.041	3.427	-4.905	9.233	6.062	3.466
Rekstrargjöld	-2.513	-1.377	-1.329	-986	-1.022	-667
Virðisrýrnun	0	0	-123	0	0	0
Heildargjöld	-2.513	-1.377	-1.452	-986	-1.022	-667
Framlegð	3.528	2.049	-6.357	8.247	5.040	2.799
Útdeildur kostnaður	1.024	-643	-901	-638	-585	-390
Hagnaður (tap) f. tekjuskatt	2.504	1.407	-7.258	7.609	4.455	2.409

Fjárstýring

Starfsemi Fjárstýringar skiptist í fjármögnun bankans, millibankaborð, afleiðuviðskipti og gjaldeyris- og afleiðumiðlun. Sú skipulagsbreyting átti sér stað innan bankans þann 1. janúar síðastliðinn að gjaldeyris- og afleiðuviðskipti voru færð frá Fjárstýringu yfir í Markaðsviðskipti og verða þau því hluti af uppgjöri Markaðsviðskipta frá og með 1. janúar 2007. Á sama tíma voru Eigin viðskipti færð undir Fjárstýringu og verða þau því hluti af uppgjöri Fjárstýringar frá og með 1. janúar 2007.

Hagnaður Fjárstýringar fyrir tekjuskatt nam 5.670 m.kr. á fjórða ársfjórðungi 2006. Rekstrartekjur námu 7.328 m.kr. og hækkuðu um 24,6% samanborið við þriðja ársfjórðung 2006. Hreinar vaxtatekjur jukust um 55,9% á milli ársfjórðunga og skýrist hækkunin meðal annars af vaxtatekjum af handbæru fé sem bankinn hefur ekki ráðstafað í kjölfar hlutafjárútboðsins í lok nóvember 2006. Hreinar þóknatekjur jukust um 77,8% á milli ársfjórðunga og stafar sú hækkun einkum af aukinni gjaldeyris- og afleiðumiðlun. Gengishagnaður var nokkuð stöðugur á milli ársfjórðunga en hann skýrist einkum af gengishagnaði af afleiðuviðskiptum. Heildargjöld námu 983 m.kr. og hækkuðu um 22,9% á milli ársfjórðunga.

	4. ársfj. 2006	3. ársfj. 2006	2. ársfj. 2006	1. ársfj. 2006	4. ársfj. 2005	3. ársfj. 2005
<i>Milljónir króna</i>						
Hreinar vaxtatekjur	3.652	2.343	3.861	1.636	1.729	1.048
Hreinar þóknanatekjur	825	464	791	847	336	390
Gengishagnaður	2.828	3.072	1.109	1.402	1.010	545
Aðrar tekjur	23	1	2	0	0	0
Rekstrartekjur	7.328	5.880	5.763	3.885	3.075	1.983
Rekstrargjöld	-983	-799	-742	-554	-552	-392
Virðisrýrnun	0	-1	2	-6	33	17
Heildargjöld	-983	-800	-740	-560	-519	-375
Framlegð	6.345	5.080	5.023	3.325	2.556	1.608
Útdeildur kostnaður	-675	-386	-491	-463	-261	-212
Hagnaður fyrir tekjuskatt	5.670	4.694	4.532	2.862	2.295	1.396

Fyrirtækjaráðgjöf

Fyrirtækjaráðgjöf sér meðal annars um að aðstoða fyrirtæki við hlutafjárútböð og veita ráðgjöf við samruna og yfirtökur.

Hagnaður Fyrirtækjaráðgjafar fyrir tekjuskatt nam 6.048 m.kr. á fjórða ársfjórðungi. Rekstrartekjur námu 7.477 m.kr. en voru 31.845 m.kr. í þriðja ársfjórðungi. Hafa ber í huga að þá bókfærðist hagnaður bankans af sölu á eignarhlut sínum í Exista og skráningu Exista í Kauphöll Íslands. Hreinar þóknanatekjur námu 3.792 m.kr. á fjórðungnum og jukust um 192,9% á milli ársfjórðunga. Þessi mikla aukning skýrist fyrst og fremst af auknum fjölda fyrirtækjaverkefna sem lokið var við innan bankans, einkum í Bretlandi. Hafa ber jafnframt í huga að þriðji ársfjórðungur er jafnan lægri í þóknanatekjum en aðrir ársfjórðungar þar sem sumarleyfismánuðirnir koma þar inn. Gengishagnaður nam 4.592 m.kr. sem tengist fjárfestingum í Skandinavíu. Heildargjöld námu 1.306 m.kr. og jukust um 744 m.kr. frá þriðja ársfjórðungi. Þessi aukning skýrist af afkomutengdum launagreiðslum í tengslum við góða þóknanamyndun á ársfjórðungnum.

	4. ársfj. 2006	3. ársfj. 2006	2. ársfj. 2006	1. ársfj. 2006	4. ársfj. 2005	3. ársfj. 2005
<i>Milljónir króna</i>						
Hreinar vaxtatekjur	-914	-961	-624	-850	-905	-427
Hreinar þóknanatekjur	3.792	1.295	2.471	2.019	1.274	2.935
Gengishagnaður	4.592	31.652	2.505	4.235	7.936	1.716
Aðrar tekjur	7	-142	-84	262	-51	135
Rekstrartekjur	7.477	31.845	4.268	5.666	8.254	4.359
Rekstrargjöld	-1.310	-562	-1.208	-556	-562	-356
Virðisrýrnun	4	0	-2	-1	0	-22
Heildargjöld	-1.306	-562	-1.210	-557	-562	-378
Framlegð	6.171	31.283	3.058	5.109	7.692	3.981
Útdeildur kostnaður	-123	-203	-340	-222	-178	-138
Hagnaður fyrir tekjuskatt	6.048	31.080	2.718	4.887	7.514	3.843

Eignastýring og einkabankþjónusta

Starfsemi Eignastýringar og einkabankþjónustu skiptist í fjóra meginþætti: Sjóðastýringu, einkabankþjónustu, eignastýringu fyrir fagfjárfesta og þjónustu fyrir fagfjárfesta.

Hagnaður Eignastýringar og einkabankþjónustu fyrir tekjuskatt nam 1.330 m.kr. á fjórða ársfjórðungi 2006. Rekstrartekjur sviðsins námu 4.190 m.kr. og jukust þær um 32,6% frá þriðja ársfjórðungi. Hækkun rekstrartekna á fjórða ársfjórðungi má rekja til 26,6% hækkunar þóknanatekna, einkum vegna árangurstengdra þóknana, og hækkunar annarra tekna vegna hlutdeildar í afkomu hlutdeildarfélag bankans. Heildargjöld námu 2.037 m.kr. og aukast um 27,2% samanborið við þriðja ársfjórðung 2006. Skýringin á hækkun rekstrargjalda milli fjórðunga er einkum auknar launagreiðslur í tengslum við góða aukningu þóknanatekna á milli ársfjórðunga. Hafa ber í huga að á þriðja ársfjórðungi var gjaldfærð virðisrýrnun vegna eignastýringar í Bretlandi.

	4. ársfj.	3. ársfj.	2. ársfj.	1. ársfj.	4. ársfj.	3. ársfj.
<i>Milljónir króna</i>	2006	2006	2006	2006	2005	2005
Hreinar vaxtatekjur	254	167	234	162	223	224
Hreinar þóknatekjur	3.221	2.544	2.837	2.628	2.294	1.471
Gengishagnaður	110	91	134	196	65	35
Aðrar tekjur	605	357	0	0	0	0
Rekstrartekjur	4.190	3.160	3.205	2.986	2.582	1.730
Rekstrargjöld	-2.037	-1.660	-1.745	-1.938	-1.472	-1.573
Virðisrýrnun	0	-1.138	0	0	0	0
Heildargjöld	-2.037	-2.798	-1.745	-1.938	-1.472	-1.573
Framlegð	2.153	361	1.460	1.048	1.110	157
Útdeildur kostnaður	-823	-766	-873	-965	-835	-450
Hagnaður (tap) f. tekjuskatt	1.330	-405	587	83	275	-293

Fjármunir í vörslu bankans námu 1.953 mö.kr. 31. desember 2006 og jukust um 36,9% á árinu. Eignir í stýringu námu 1.403 mö.kr. í lok ársins og jukust um 30,7% á árinu.

Helstu atburðir á fjórða ársfjórðungi

Útboð á hlutum í Kaupþingi

Í nóvember fór fram útboð á samtals 75,9 milljónum hluta í Kaupþingi. Verð á hlut í útboðinu var 750 krónur eða SEK 75. Umframeftirspurn var eftir hlutum í útboðinu og var þeim úthlutað til breiðs hóps alþjóðlegra fagfjárfesta. Afrakstur útboðsins nam 55,6 milljörðum króna og var hann nýttur til að styrkja eiginfjárgrunn bankans og styðja við frekari vöxt. Með útboðinu náðist það markmið að fjölga alþjóðlegum fjárfestum í hluthafahópi Kaupþings. Umsjónaraðilar útboðsins og áskriftarsöfnunar voru Citigroup Global Markets Limited og Morgan Stanley & Co. International Limited. Þriðji umsjónaraðili í útboðinu var Fox-Pitt, Kelton N.V. Kaupþing banki aðstoðaði við sölu hlutanna (e. selling agent). Eftir nýtingu umframsöluréttarins er heildarhlutafé í Kaupþingi 7.404.530.530 krónur að nafnvirði sem skiptist í 740.453.053 hluti.

Greiðsla arðs með hlutum í Exista

Þann 16. október samþykktu hluthafar Kaupþings tillögu stjórnar bankans um auka arðgreiðslu til hluthafa bankans í formi rúmlega 830 milljóna hluta í Exista. Arðgreiðslan fór fram þann 26. október og samsvaraði hún um 7,7% af heildarhlutafé Exista. Bókfært virði arðgreiðslunnar nam 18,3 milljörðum króna. Með sölu hlutafjár í tengslum við skráningu Exista á þriðja ársfjórðungi og með auka arðgreiðslunni fór eignarhlutur bankans í Exista úr 20,9% í 3,2% í lok ársins.

Fjármögnun bankans og lausafjárstaða

Á árinu 2006 var rík áhersla lögð á að stækka fjárfesta hóp bankans og fjölga þeim leiðum sem bankinn hefur til að fjármögnunar hverju sinni. Þannig hefur kerfisbundið verið unnið að útgáfu skuldabréfa á nýjum mörkuðum. Á árinu fór Kaupþing inn á fjóra nýja markaði nú síðast í október, þegar bankinn gaf út JPY 50 milljarða Samurai útgáfu í Japan.

Í desember setti Kaupþing upp 530 milljóna EUR sambanka ádráttarlínu. Þessi lína er til þriggja ára en unnt er að framlengja hana um tvö ár. Mikil umframeftirspurn var eftir þátttöku og alls komu 26 bankar að þessari sambankalínu.

FIH, dótturfélag bankans í Danmörku, gaf út 750 milljón EUR skuldabréf í október og er það stærsta skuldabréfaútgáfa FIH til þessa. Útgáfan markar jafnframt vel heppnaða endurkomu bankans á evrópska skuldabréfamarkaðinn eftir að álagið lækkaði aftur í kjölfar hækkana á fyrri hluta ársins 2006. Alls sótti FIH 960 milljónir evra á fjórða ársfjórðungi.

Á fjórða ársfjórðungi vann FIH jafnframt að því að dreifa fjármögnunarleiðum sínum og í janúar 2007 gekk bankinn frá samstarfssamningi við einn af stærstu lífeyrissjóðum Danmerkur. Stofnað var nýtt dótturfélag, banki, sem er í fullri eigu FIH, FIH Kapital Bank A/S, með 1,8 milljarða DKK í eigið fé. Þetta dótturfélag mun, frá og með byrjun árs 2007, taka við um 15 milljarða DKK skuldabréfasafni frá FIH. Á móti mun lífeyrissjóðurinn veita lánalínu upp á 15 milljarða DKK til níu ára. Það er ekki ætlun FIH að nýta þessa lánalínu í nánustu framtíð. Tilgangurinn með lánalínunni er að auka sveigjanleika í fjármögnun FIH og tryggja lausafjárstöðu bankans.

Lausafjárstaða bankans er sterk. Í lok ársins nam tryggt lausafé bankans (e. secured liquidity) 1.204 mö. kr. sem gerir bankanum kleift að uppfylla allar skuldbindingar sínar sem og að styðja við hóflegan vöxt næstu 12 mánuði án þess að sækja frekara fjármagn á fjármagnsmarkaði. Einnig jafngildir lausafjárstaðan núverandi stöðu afborgana langtímalána á árunum 2007, 2008 og 2009. Þessi sterka lausafjárstaða bankans er í samræmi við þá stefnu, sem ákveðin var á fyrri hluta árs 2006, að lausafjárstaða bankans dyggði ávallt fyrir öllum skuldbindingum og hæfilegum vexti bankans í tólf mánuði í stað sex mánaða áður.

Útgáfa kaupréttar til starfsmanna

Stjórn Kaupþings ákvað, á grundvelli kaupréttaráætlunar bankans að gefa út kauprétti að hlutafé í bankanum til starfsmanna, sem tók gildi 29. desember 2006. Um er að ræða kauprétti að samtals 0,6 milljónum hluta til alls 564 nýrra fastráðinna starfsmanna sem hófu störf frá því kaupréttur var veittur í nóvember 2005. Réttihöfum er heimilt að nýta þriðjung kaupréttarins á tímabilinu frá 20. janúar til 25. febrúar ár hvert, í fyrsta skipti 2008. Rétturinn er á samningsgengingu 840 kr. á hlut. (Kaupréttaráætlun I, 2006.)

Samhliða framangreindum kaupréttum veitti stjórn bankans 383 starfsmönnum kauprétt að samtals 21,7 milljónum hluta með heimild til að nýta þriðjung kaupréttarins á tímabilinu frá 20. janúar til 25. febrúar ár hvert, í fyrsta skipti 2010. Rétturinn er á samningsgenginu 830 kr. á hlut á fyrsta innlausnartímabili, 872 kr. á hlut á innlausnartímabili 2011 og 916 kr. á hlut á innlausnartímabili 2012. Starfsmenn hafa heimild til að fresta nýtingu hans innan samningstímans, en við það hækkar samningsgengi í það samningsgengi sem er í gildi á því tímabili þegar hlutirnir verða nýttir. (Kaupréttaráætlun II, 2006.)

Kauprétturinn er einkum bundinn því skilyrði að starfsmaður sé áfram í starfi innan samstæðunnar. Tilgangurinn með útgáfu kaupréttanna er jafnframt sá að tvíanna saman hagsmuni starfsmanna saman við hagsmuni bankans.

Horfur

Rekstur Kaupþings gekk vel á árinu 2006. Forsvarsmenn bankans telja horfur í rekstri bankans vera almennt góðar fyrir nánustu framtíð. Verkefnastaða í Fyrirtækjaráðgjöf er góð og horfur á þeim mörkuðum sem bankinn starfar eru að mestu leyti hagstæðar fyrir þá starfsemi og þjónustu sem bankinn byggir rekstur sinn á.

Kaupþing er með rekstur í tíu löndum. Í Lúxemborg, á Íslandi og í Danmörku hefur starfsemin gengið sérlega vel en reksturinn í þessum löndum skilaði met afkomu á árinu 2006. Í Noregi hefur viðsnúningur orðið í rekstrinum og í Svíþjóð og Færeyjum var afkoman viðunandi. Mikið starf hefur verið unnið í samþættingu Singer & Friedlander (nú Kaupthing Singer & Friedlander) í Bretlandi inn í Kaupþings-samstæðuna og gera forsvarsmenn bankans ráð fyrir að arðsemin verði yfir 15% á árinu 2007, en það er í samræmi við stefnu Kaupþings um að hvert einstakt dótturfélag skili að lágmarki 15% arðsemi eigin fjár.

Vöxtur Kaupþings á árinu 2006 var góður og búast stjórnendur bankans við áframhaldandi vexti hans. Forsvarsmenn bankans telja að árið 2006 hafi verið vel nýtt til eflingar bankans. Starfsmönnum bankans fjölgaði um 351, eða 15% og var fjölgunin að langmestu leyti utan Íslands. Settar voru upp nýjar tekjueiningar eins og Markaðsviðskipti hjá Kaupthing Singer & Friedlander Bretlandi, og Fyrirtækjaráðgjöf og Markaðsviðskipti hjá FIH í Danmörku. Gert er ráð fyrir að starfsemi þessara þriggja tekjueininga verði kominn á fullt skrið á árinu 2007, en hluti af aukningu þóknatekna á fjórða ársfjórðungi 2006 má rekja til þessara tekjueininga.

Virðisrýrnun útlána jókst nokkuð á síðari helmingi ársins 2006. Þetta stafar einkum af nokkrum lánnum hjá Kaupthing Singer & Friedlander í Bretlandi. Virðisrýrnun útlána var að öðru leyti í samræmi við væntingar stjórnenda bankans á árinu 2006.

Arðsemi eigin fjár nam 42,4% á árinu 2006 og er það umtalsvert hærra arðsemi en samkvæmt yfirlýstu markmiði bankans, sem er að ná 15% arðsemi á eigið fé á ári til lengri tíma. Hafa verður þó í huga að rekstur banka eins og Kaupþings er háður óvissu, svo sem þróun fjármálamarkaða og ýmsum öðrum þáttum sem ekki eru á valdi bankans.

Fimm ára pro forma yfirlit

Rekstrarreikningur

<i>Milljónir króna</i>	2006	2005	2004	2003	2002
Hreinar vaxtatekjur	52.362	32.710	18.259	10.124	6.998
Aðrar rekstrartekjur	114.854	69.488	31.687	21.656	14.414
Rekstrartekjur	167.216	102.198	49.946	31.780	21.412
Önnur rekstrargjöld	-60.006	-35.524	-23.625	-18.493	-12.455
Virðisrýrnun	-6.127	-4.389	-3.825	-3.894	-2.794
Tekjuskattur	-14.636	-11.228	-4.237	-1.486	-764
Hagnaður eftir tekjuskatt	86.447	51.056	18.258	7.907	5.399
Hagnaður hluthafa	85.302	49.260	17.707	7.520	5.363
Hlutdeild minnihluta	1.145	1.796	552	387	36

Efnahagsreikningur

<i>Milljónir króna</i>	2006	2005	2004	2003	2002
Eignir					
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	106.961	34.877	6.290	-	-
Kröfur á lánastofnanir	485.334	195.594	174.310	-	-
Lán til viðskiptamanna	2.538.609	1.543.700	980.107	-	-
Skuldabréf á gangvirði	318.264	390.575	202.934	-	-
Hlutabréf á gangvirði	158.856	114.188	84.615	-	-
Afleiðusamningar	65.454	21.047	13.085	-	-
Samningar vegna áhættuvarna	6.453	4.459	3.820	-	-
Verðbréf á móti samningum	115.938	82.098	0	-	-
Fjáreignir til sölu	164	167	1.507	-	-
Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum	5.304	13.888	3.649	-	-
Óefnislegar eignir	68.301	54.943	35.098	-	-
Fjárfestingarfasteignir	31.584	24.156	19.155	-	-
Rekstrarfjármunir	30.466	22.433	6.092	-	-
Skatteign	5.834	5.004	1.092	-	-
Fastafjármunir til sölu	2.334	2.303	3.631	-	-
Aðrar eignir	115.540	31.380	19.069	-	-
Eignir samtals	4.055.396	2.540.811	1.554.453	558.569	432.412
Skuldir og eigið fé					
Innlán	750.657	486.176	202.193	182.497	164.570
Víkjandi lán	216.030	102.688	57.623	10.704	11.010
Aðrar skuldir	2.753.816	1.749.436	1.135.728	308.837	222.339
Hlutdeild minnihluta	11.382	8.329	9.539	10.603	1.114
Eigið fé	323.510	194.183	149.370	45.928	33.379
Samtals skuldir og eigið fé	4.055.396	2.540.811	1.554.453	558.569	432.412
Lykiltölur					
Kostnaðarhlutfall	35,9%	34,8%	47,3%	58,2%	58,2%
Arðsemi eigin fjár hluthafa	42,4%	34,0%	25,5%	23,0%	18,7%
Virðisrýrnun/heildarútlán	0,2%	0,2%	0,4%	1,1%	1,0%
Afskriftareikningur/útlán og ábyrgðir	0,6%	0,7%	1,4%	2,4%	2,1%
V/H hlutfall	6,6	9,9	12,4	12,2	8,8
Hagnaður á hlut	127,1	75,2	35,6	18,5	14,8
Hagnaður á hlut, útþynntur	123,4	73,9	35,1	18,4	14,7
Meðalfjöldi hluta, milljónir	671	655	497	406	362
Meðalfjöldi hluta, útþynnt, milljónir	691	666	505	411	364
Fjöldi hluta í lok árs, milljónir	732	664	652	438	409
Fjöldi hluta í lok árs, útþynnt, milljónir	752	675	660	443	411
Verð á hlut í lok árs	841	746	442	225	130

Námundun fjárhæða getur leitt til þess að fjárhæðir í töflum í þessari afkomutilkynningu stemmi ekki.

Áritun endurskoðenda

Ársuppgjörið hefur verið endurskoðað af endurskoðendum bankans.

Kynningarfundur

Kynningarfundur fyrir hluthafa og markaðsaðila verður haldinn þriðjudaginn 30. janúar kl. 8.30 í höfuðstöðvum Kaupþings banka hf. að Borgartúni 19 í Reykjavík. Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri Kaupþings, mun kynna afkomu bankans og svara spurningum. Mögulegt er að fylgjast með fundinum í rauntíma á vef bankans, www.kaupthing.net/ir. Einnig er hægt að hringja í númerin + 44 (0)207108 63 03, US +1 866 676 58 63 og +46 (0)8 506 269 30 til að taka þátt í fundinum og leggja fram spurningar. Kynningarefni vegna fundarins verður hægt að nálgast að fundinum loknum á vefjum Kaupþings, www.kaupthing.com og www.kbbanki.is, vef Kauphallar Íslands www.icex.is og á www.huginonline.com.

Kynningarfundur í Lundúnum

Í Lundúnum verður kynning á afkomu bankans þann 31. janúar, kl. 11.00 að staðartíma. Þar mun Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri, kynna afkomu bankans. Fundurinn verður haldinn í húsakynnum Kaupthing Singer & Friedlander í London að One Hanover Street, London W1S 1AX.

Kynningarfundur í Stokkhólmi

Í Stokkhólmi verður kynning á afkomu bankans þann 1. febrúar, kl. 12.00 að staðartíma. Þar mun Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri, kynna afkomu bankans. Fundurinn verður í húsakynnum Kaupþings í Svíþjóð að Stureplan 19, 107 81 Stokkhólmi.

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar um uppgjörið veita forstjóri bankans, Hreiðar Már Sigurðsson, í síma 444-6108 og Jónas Sigurgeirsson, framkvæmdastjóri Samskiptasviðs (ir@kaupthing.net), í síma 444-6112. Upplýsingar um Kaupþing er einnig hægt að nálgast á heimasíðum hans www.kaupthing.is og www.kaupthing.com

Næstu uppgjör Kaupþings banka hf.

26. apríl Árshlutareikningur 1. ársfjórðungur
25. júlí Árshlutareikningur 2. ársfjórðungur
26. október Árshlutareikningur 3. ársfjórðungur
31. janúar 2008 Árshlutareikningur 4. ársfjórðungur og ársreikningur 2007.

Aðalfundur Kaupþings banka hf.

Aðalfundur Kaupþings verður haldinn þann 16. mars. Fundurinn verður haldinn í Borgarleikhúsinu og hefst kl. 17:00

Kaupþing banki hf. veitir alhliða viðskipta- og fjárfestingarbankaþjónustu til einstaklinga, fyrirtækja og fagfjárfesta. Bankinn er í forystu á nær öllum helstu sviðum íslensks fjármálamarkaðar en auk Íslands eru mikilvægustu markaðssvæði bankans Bretland og Danmörk. Kaupþing banki hf. leggur áherslu á vöxt og þróun alþjóðlegrar starfsemi sinnar og stefnir að því að vera í hópi leiðandi fyrirtækja- og fjárfestingarbanka í Norður-Evrópu.

Kaupþing banki hf. er með starfsemi í tíu löndum og eru höfuðstöðvar bankans í Reykjavík. Helstu dótturfélög bankans eru FIH Erhvervsbank í Danmörku, Kaupthing Singer & Friedlander í Bretlandi, Kaupthing Bank Sverige, Kaupthing Bank Luxembourg, Kaupthing Bank Oyj og Norvestia Oyj í Finnlandi, Kaupthing Føroyar, Kaupthing New York, Kaupthing Asset Management í Sviss, Kaupthing Norge, Arion og KB Líftryggingar hf. á Íslandi. Þann 31. desember 2006 voru 2.719 stöðuigildi hjá Kaupþingi banka hf. og dótturfélögum.